

Fundur 11.11.2024 Rachel Buchanan fædd í Bretlandi 1230, Leicestershire.

Góða kvöldið, komið þið blessuð og sæl.

*Já velkomin, góða kvöldið.*

Sendi ég ykkur orku frá lífstöð minni og fögnum við sambandi við ykkur og vil ég hér lýsa úliti og náttúru hnattar okkar til að byrja með og mun það vonandi greiða fyrir sambandinu.

Eru hér skógar allmiklir í fjallshlíðinni og stjörnuþjart fyrir utan hjá okkur, og er ég á hnetti, jarðstjörnu og á landi sem eitt sinn tilheyrði meginlandinu, en klofnaði frá fyrir langa löngu og myndar hér skaga.

Er það all fjölmenn þjóð og hefur okkur tekist að koma lífi hnattarins í gott horf og voru ákveðin umhverfisvandamál sem fólk þurfti að glíma við um langt skeið á þessum hnetti, eins og þið munið vera að kljást við á ykkar frumlífs hnetti, samkvæmt því sem ég hef frétt.

Ég hef verið hér nokkuð lengi og hef ég því tekið þátt í uppbyggingarstarfinu lengi og falletur hnötturinn og gróðurfarið.

Hef ég verið á öðrum framlífs hnöttum og minnst ég þess þegar við krupum fyrir hershöfðingja miklum og var þar grimmdarlegt mannlíf og hernaður mikill og erfitt lífið.

En hef nú komist á framfara leið og hef verið á lífstefnu jörðum um nokkurt skeið og erum við hér að reyna að læra af mistökum fortíðarinnar og lenda ekki í samskonar stjórnamynstri og tilheyrði þessum helstefnu jörðum.

Vil ég nú lýsa lífi mínu á þessum hnetti. Hef ég aðstoðað við að koma þeim ættingjum okkar til okkar hnattar, sem hafa verið á hnöttum þar sem mannlíf er gert að þjónum æðra valds.

Og líkamar tengdir við nanótækni og hið lífræna gert minna vert, og er þar samstillingin ekki nægilega góð, og er það bætt um með þessum aðferðum.

Og höfum við reynt að stilla það fólk til fræðslu, sem er statt á þessum hnöttum og koma því til okkar og aðra framlífs hnetti. Þar sem vélahlutarnir eru fjarlægðir og fólk er gert mennskara aftur, og þar sem kærleikurinn er aukinn og samstillingin.

Og erfitt er að ná til allra þeirra einstaklinga, veit ég um marga sem hafa náð árangri í því að ná til þessa einstaklinga, og fylgist ég með því þegar fólk kemur hingað, frá þeim hnöttum.

Og er það mjög fróðlegt að tala við þessa einstaklinga og hvernig minningarnar hrannast upp, og hvernig það er sérstakt verkefni að fá minnið til að virka aftur, og er það mjög stór þáttur í þeim endurmótunar tilraunum. Að fá fólk til að muna eftir ættingjum og vinum og vistir á öðrum jarðstjörnum.

Og sækjum við sambandsfundina stíft, til að stilla ættingja þeirra inn á þeirra bylgjulengdir og efla þeirra andlega og líkamlega þrek, til að rifja upp þessar minningar og ná sér eftir þessi áföll og erfiðu jarðvistir.

Mun það vera gömul áætlun Jahves um að ná undir sig mannfólkinu og nota sem vinnudýr, og höfum við grun um, að það séu einnig þannig tilraunir hjá ykkur, og hafi verið lengi hluti af helstefnu hnattarins, eins og er svo víða, bæði á frumlífs jörðum og framlífs jörðum.

Ég var á jörðinni í ágætri tilveru, en lenti á nokkrum erfiðari hnöttum og tók það mig nokkuð langan tíma að fá fullan skilning á lífsins lögmálum. Og voru það sífellt utan að komandi áhrif sem trufluðu.

Og er það víst æfinlega þannig með mannfólkið, að það vill fá þegnana í lið með sér í annað hvort hernað eða trúflokka eða annað sem gerir fólk ringlað. Þannig að það spyr sig ekki spurninga um umhverfi sitt og náttúrulegumál þau sem liggja til grundvallar.

Var það mér lengi til trafala hvernig sú æfagamla hugmynd var lífseig í gegnum tvær jafnvel þrjár jarðvistir. Að syndin væri þess valdandi að við kæmum niður á jarðneskum stað.

Og var það okkur ekki til heilla heldur til truflunar og fylgdi þeim þjóðfélags gerðum, drottandi einvald og kirkjunnar einvaldar sem létu fólk hlýða sér.

Og vorum við nokkurn tíma að losna úr því, en það er nú allt að baki og hefur það verið lærdóms ríkt. Eru hér aðrar áskoranir að takast á við og erum við í góðum tengslum við hnetti þá, þar sem fólk er að fara á sínar fyrstu framlífs jarðir og er að takast á við þessi sömu vandamál og ég lýsti hér í fyrstu, þar sem notuð er tækni til að taka frjálsan vilja frá fólki, og setja í þá tölvukubba og annað slíkt.

Er það við ramman reip að draga á sumum af þessum framlífs jörðum, þar sem stillilögmálið er ekki sannleikanum hliðhollt.

En hjálpuðum við til við að gefa ykkur slíkt samband nýlega, verð ég nú að kveðja.

Fæddist í Bretlandi, Leicestershire tólf hundruð og þrjátíu, Rachel Buchanan.

Þakka ég fyrir mig og vona ég að þið hafið gagn af þessu, verið þið sæl.

*Þakka þér fyrir komuna, vertu sæl.*